

Lokaskýrsla Breiðagerðisskóla til Sprotasjóðs

Læsi til framtíðar – Orð af orði

Skólaárið 2009-2010



Júní 2010

Nafn skóla: Breiðagerðisskóli

Nafn verkefnisins: Læsi til framtíðar - Orð af Orði

Nafn verkefnisstjóra: Guðlaug Ólafsdóttir

Markmið verkefnisins var :

-að stuðla að betra læsi til gagns og ánægju

-að efla orðaforða nemenda

-að efla hugræna útfærslu lesturs og tengja lesturinn við skynjun og reynslu nemenda

-að kenna lesskilningsaðferðir

-að þróa með nemendum námstækni sem leiðir til aukins árangurs í námi um leið og lesskilningur og orðaforði eflist

-að auka lestur nemenda á bókum að eigin vali með það að markmiði að auka orðaforða nemenda og lesskilning

-að þróa lestrarsmiðjur tengdar yndislestri nemenda

-að kenna nemendum að ígrunda og ræða sameiginlegt lesefni í lestrarsmiðjum





-að auka færni nemenda í ritun

-að kenna og þjálfra kennara í nýjum aðferðum við kennsluna en þessar aðferðir nýtast mjög vel í útfærslu skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðuðu námi

Leiðir að markmiðum

Þróunarverkefnið Læsi til framtíðar – Orð af orði hófst í skólanum haustið 2008 og tóku þátt í því allir kennarar í 3.-7. Bekk. Skýrsla um það skólaár var send Sprotasjóði vorið 2009. Skólaárið 2009-2010 var því annað ár verkefnisins en þá tóku þátt í verkefninu kennarar sem kenna bóklegar greinar í 4.-7. bekk en árið áður höfðu list- og verkgreinakennarar einnig tekið þátt. Háskólinn á Akureyri stýrði verkefninu. Í skólanum var starfandi verkefnisstjóri sem stýrði verkefninu innan skólans. Verkefnisstjóri hafði yfirsýn yfir þróunarverkefnið og samhæfði störf kennara innan skólans. Hann hélt skrá um þá kennara sem við verkefnið störfuðu, fékk hjá þeim kennsluáætlanir, aflaði upplýsinga um gengi á hverjum tíma, kannaði

þörf á stuðningi og leitaði eftir leiðum til að veita hann, safnaði gögnum um gengi nemenda, veitti skólasamfélaginu, nemendum, kennurum, skólastjórnendum og foreldrum upplýsingar um framgang verkefnisins. Haustið 2009 kom ráðgjafi frá Háskólanum á Akureyri, Guðmunur Engilbertsson og hélt námskeið um gagnvirkan lestur. Gagnvirkur lestur var aðalviðfangsefnið á haustönninni um leið og þeim aðferðum sem kenndar voru árið áður var viðhaldið. Guðmundur kom og hitti hópinn þrisvar á haustönninni. Þá var farið yfir vinnuna, skipst á hugmyndum, erfiðleikar ræddar og fundnar lausnir. Á milli funda með Guðmundi hittist hópurinn og skiptist á hugmyndum og ræddi framgöngu verkefnisins. Vinna með orð og orðhluta, lykilorð í texta, gerð hugtakakorta og yndislestur var haldið áfram og gagnvirkum lestri bætt inn. Yndislestur var á dagskrá þrisvar til fimm sinnum í viku í a.m.k. tuttugu mínútur á dag. Einnig voru nemendur hvattir til að lesa heima í bók að eigin vali í a.m.k. tuttugu mínútur á dag og foreldrar beðnir um að hvetja börn sín til lesturs. Í öllum árgöngum var unnið með gagnvirkan lestur þrisvar í viku á meðan nemendur voru að ná tókum á aðferðinni. Var það gert í íslenskutímum, samfélagsfræði og náttúrufræði. Hugtakakort voru nýtt í samfélagsgreinum, náttúrufræði og í stærðfræði var unnið með lykilhugtök með hjálp hugtakakorta. Á vorönn kom Jenný Gunnbjörnsdóttir og hélt fyrirlestur fyrir hópinn um ritun. Unnið var með ritun á vorönn og nýttu kennarar sér stigskiptan stuðning á meðan verið var að kenna nemendum að vinna með hjálp ritunarramma. Hún kom síðan tvisvar á tímabilinu og hitti hópinn. Haldið var áfram að vinna að hinum þáttum verkefnisins og gerðu kennarar í hverjum árgangi kennsluáætlun sem þeir skiluðu til verkefnisstjóra. Þar skiptu þeir með sér verkum þannig að öruggt væri að öllum þáttum þróunarverkefnisins væri sinnt. Lögð voru fyrir lesskilningspróf í öllum árgöngunum þrisvar yfir veturinn. Textar voru fengnir úr gömlum samræmdum prófum og voru textar úr fjórða bekkjar prófi lagðir fyrir fjórða bekk, en textar úr sjöundarbekkjar prófum lagðir fyrir fimmta, sjötta og sjöunda bekk. Hér fyrir neðan er súlurit sem sýnir frammistöðu nemenda á lesskilningsprófum.




Skólinn setti sér það markmið að allir nemendur í 4.- 7. bekk næðu 50% árangri á lesskilningsprófi að vori. Enginn árgangur náði þessu markmiði alveg, en fjórði og sjötti bekkur voru mjög nálægt því. Þrátt fyrir verulegar framfarir í flestum árgöngum kemur fram þegar niðurstöður lesskilningsprófanna er skoðaðar, að nokkrir nemendur voru fastir í neðsta hópnum og tóku litlum sem engum framförum á þessum prófum. Það gefur okkur vísbendingu um að betur þarf að huga að þeim hópi. Líklega þarf að gefa þessum nemendum meiri stuðning á meðan þeir eru að tileinka sér þessa námstækni. Einnig þarf að huga að þeim bókum sem þeir eru að lesa í yndislestri og jafnvel lesa upphátt fyrir þennan hóp þannig að þeir nái að hlusta á efni sem eykur orðaforða þeirra og málskilning. Færni nemenda við ritun

jókst og töluðu nemendur um hvað ritunarrammarnir sem þeim var kennt að nota hjálpuðu þeim að skipuleggja sig og gerðu hlutina auðveldari.

Skólinn setti sér það markmið að allir nemendur sem ekki eiga við lestrarörðugleika að etja nái að lesa 200 atkvæði eða meira á mínútu. Ekki náðust þessi markmið.

Sjá súlurit hér að neðan. Á vinstri ás er nemendafjöldi og hægra megin er atkvæða fjöldi á mínútu á hraðaprófi.



Kennarar voru almennt ánægðir með verkefnið og fannst það gefa tækifæri til aukinnar samvinnu nemenda og mikillar fjölbreytni í náminu. Fyrra árið tók þriðji bekkur þátt í verkefninu og er það mál okkar að betra hefði verið að þeir hefði tekið þátt í þróunarverkefninu byrjendalæsi sem var líka í gangi í skólanum.

Einn kynningafundur var haldinn á haustönn 2009 fyrir kennara í hverfinu og komu allir kennarar sem voru þátttakendur í verkefninu að þeirri kynningu. Á haustönn var verkefnið kynnt fyrir foreldrum og tóku nemendur í 5. -7. bekk þátt í kynningunni. Foreldrum var boðið að koma í skólann og sjá nemendur við vinnu, sendur var tölvupóstur til allra foreldra um verkefnið og fréttir af verkefninu voru settar á heimasíðu skólans. Í skólanámskrá skólans var gerð grein fyrir hvernig unnið var að því að ná markmiðum Aðalnámskrár í flestum greinum með aðferðum þróunarverkefnisins.

Kennsluaðferðirnar sem kennarar lærðu í þróunarverkefninu byggja á samvinnu nemenda. Þessar aðferðir nýtast því mjög vel í útfærslu skólans á stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám. Skipulag kennslunnar byggir á því að allir nemendur geti verið virkir á sínum forsendum. Bókalestur nemenda jókst til muna og var greinilegt að nemendum þótti meira gaman í skólanum. Eyðufyllingabækur voru lítið notaðar og gengið var út frá gæðatextum við vinnuna. Samvinna kennara milli árganga var meiri og jafningjafræðsla milli þeirra jókst.

Í heild má segja að þetta þróunarverkefni hafi haft mikil og góð áhrif á skólastarfið. Orðaforði og lesskilningur er talinn grundvöllur fyrir velgengni í námi. Samvinna milli nemenda er mikilvæg bæði fyrir nám og líðan nemenda. Aðferðir þróunarverkefnisins styðja mjög við samvinnu. Nemendur læra saman og hver af öðrum og allir geta verið virkir. Þróunarverkefnið stuðlaði að fjölbreytni, betri námsárangri og aukinni félagsfærni. Verkefnið stuðlar einnig að aukinni hæfni, samvinnu og jafningjafræðslu kennara. Kennarar fengu í hendur verkfæri til að ná betur markmiðum einstaklingsmiðaðs náms.

Menntasvið Reykjavíkurborgar gerði heildarmat á starfsháttum í Breiðagerðisskóla. Skólastarfið var m.a. metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn vel áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 4 stig á kvarðanum 1-5. Við erum samfærð um að þróunarverkefnið Byrjendalæsi og Orð af Orði eiga sinn þátt í þessum góða árangri.

Við munum halda áfram að vinna að verkefninu þrátt fyrir að við höfum ekki fengið styrk til áframhaldandi vinnu við verkefnið. Þar sem þröngt er í búi hér sem annars staðar, getum við ekki keypt að neinu ráði ráðgjöf af Háskólanum á Akureyri næsta skólaár, en ætlum að halda áfram, setja nýja kennara inn í verkefnið og læra hvert af öðru. Fundað verður mánaðarlega og teknir fyrir ákveðnir þættir verkefnisins og ætlum við að vinna áfram og þróa þá þætti sem við teljum okkur hafa náð tökum á. Þessi vinna verður skipulögð af verkefnisstjóri verkefnisins í samvinnu við kennara í 4.- 7. bekk. Áætlunin verður kynnt fyrir foreldrum á sama hátt og gert var á meðan á þróunarverkefninu stóð. Gerð verður grein fyrir aðferðunum í árganganámskrám skólans. Lesskilningspróf verða lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið 2010-2011 eins og gert hefur verið og er fyrirhugað að bæta við texta sem tengist samfélagsgreinum og náttúrfræði og skoða hæfni nemenda og framfarir í orðaforða námsgreina. Síðan munum við sækja aftur um styrk úr Sprotasjóði því enn eru nokkrar náms- og kennsluaðferðir sem við höfum hug á að tileinka okkur og bæta og þróa áfram hér í

skólanum. Í verkefni sem þessu sem er viðamikilið og tekur til mjög margra þátta í skipulagi skólastarfs er mikilvægt að verkefnið taki yfir langan tíma þannig að breytingarnar verði varanlegar. Kennarar skólans hafa verið mjög áhugasamir og umsjónarmenn verkefnisins frá Háskólanum á Akureyri veitt okkur frábæra fræðslu og stuðning við framgang verkefnisins.

Júní 2010

Guðlaug Ólafsdóttir

verkefnisstjóri